



Nefndasvið Alþingis
Skrifstofu Alþingis
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 133/1034
komudagur 19.2.2007

Varðar: Frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð.

Bæjarráð Fljótsdalshéraðs tók frumvarpið til umfjöllunar á fundi sínum þann 14. feb. sl. og færði eftirfarandi til bókar:

Bæjarráð leggur áherslu á að tryggt verði að yfirstjórn þjóðgarðsins verði á svæðinu og að tryggt verði að sú atvinnustarfssemi sem er innan marka þjóðgarðsins verði ekki skert. Tekið verði tillit til eignarhalds á landi og hagsmuna landeigenda við stofnun og rekstur þjóðgarðsins. Markmiðið verði að þjóðgarðurinn leiði til fleiri tækifæra fyrir íbúa á svæðinu fremur en skerðingar á möguleikum samhliða markvissri verndun náttúrunnar. Að öðru leyti er vísað í samantekt sem unnin var af Skúla B. Gunnarssyni í september 2006 vegna undirbúnings að stofnun Vatnajökulspjóðgarðs, austursvæði. Verður hún send með umsögn sveitarfélagsins til nefndasviðs alþingis.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd fundaði einnig þann 14. feb. sl. og tók frumvarpið til skoðunar og umfjöllunar. Eftirfarandi bókun gerð:

(1) Frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð

A - Umhverfis- og náttúruverndarnefnd gagnrýnir þann skamma frest sem sveitarfélaginu var gefinn til að koma athugasemdum á framfæri.

B - Nefndin leggur til að við 1. setningu 2. mgr. 15 gr. bætist: „...nema til björgunarstarfa.“. Þetta er gert til að taka af öll tvímæli um heimildir björgunarsveita til að nota þann búnað sem þær hafa yfir að ráða til björgunar mannlífa á sem skjótastan og öruggastan hátt.

D - Nefndin leggur enn fremur áherslu á að fjármagn sé tryggt til stofnunar og reksturs þjóðgarðsins.

E - Nefndin telur nánari skýringar vanta á mörkum athafnasvæðis Kárahnjúkavirkjunar sem fjallað er um í gr. 4.1 í Skýrslu ráðgjafarnefndar um Vatnajökulspjóðgarð.

Sérbókun frá Þórhalli Borgarssyni:

21. gr. laganna er óásættanleg.

Ásmundur Þórarinsson tekur undir bókun PB.

Ofangreindum athugasemdum er hér með komið á framfæri.



Tekið skal fram að þessar athugasemdir verða einnig sendar í bréfpósti, ásamt tilvitnaðri greinargerð Skúla B. Gunnarssonar sem hann lagði fram í september 2006.

Egilsstöðum 16. 02. 2007-02-16

Fh. Fljótshéraðs

Stefán Bragason skrifstofustjóri